

gistinga og veitingu veitinga fyrir Veðiheimilið Árnes í Aðaldal.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.*

#### **6. Rauðhólar veiðiheimili – nýtt tækifærisleyfi skemmtanahalds:**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 17. febrúar s.l. þar sem Guðrún Pétursdóttir sækir um tækifærisleyfi vegna skemmtanahalds í Veiðiheimilinu Rauðhólum í Laxárdal.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við nýtt tækifærisleyfi fyrir sitt leyti.*

#### **7. Styrkumsókn vegna kvikmyndar:**

Fyrir fundinum liggur styrkbeiðni frá Magnúsi Skarphéðinssyni, f.h. Gistiheimilisins Kiðagils dags. 12. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð ein millj. kr. til framleiðslu kvikmyndarinnar Bræðrabönd sem tekin verður upp í Bárðardal. Leikstjóri er Grímur Hákonarson, framleiðandi er Grímar Jónsson og meðframleiðendur eru Netop Films ehf. og Magnús Skarphéðinsson f.h. Gistiheimilisins Kiðagils.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir vilyrði fyrir að veita umbeðinn styrk háð því að fjármögnun myndarinnar gangi samkvæmt áætlun en þar kemur fram að heildarkostnaður við gerð hennar er 155 millj. kr. og nú þegar hefur Kvikmyndamiðstöð Íslands og RÚV gefið vilyrði fyrir styrkjum.*

#### **8. Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi fyrir grunnvatn á Þeistareykjum:**

Fyrir fundinum liggur erindi frá Orkustofnun, dags. 14. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Þingeyjarsveitar um umsókn Landsvirkjunar, dags. 12. febrúar 2014 þar sem á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, er sótt um leyfi til nýtingar á grunnvatni á Þeistareykjum.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsóknina.*

#### **9. Beiðni um umsögn um umsókn um endurnýjun á rannsóknarleyfi í Gjástykki:**

Fyrir fundinum liggur bréf frá Orkustofnun, dags. 17. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Þingeyjarsveitar um umsókn Landsvirkjunar, dags. 9. janúar 2014, um endurnýjun leyfis til rannsókna á jarðhita, grunnvatni og efnisnámmum vegna mögulegrar orkuvinnslu í Gjástykki í Þingeyjarsýslum í samræmi við 4. og 5. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, auðlindalaga.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsóknina enda nái endurnýjun leyfisins aðeins til yfirborðsrannsókna.*

#### **10. Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga – svæðisbundin flutningsjöfnun:**

Lagt fram erindi frá Reinhard Reynissyni f.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga dags. 10. febrúar s.l. þar sem athugasemd er gerð við lög nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun. Skv. lögunum nemur flutningsjöfnunarstyrkur 10% enda fari flutningsvegalengd yfir 245 km. en tvö svæði njóta 20% flutningsjöfnunarstyrks enda fari flutningsvegalengd yfir 390 km. Þessi svæði eru Vestfirðir og hluti Norðausturlands. Af einhverjum ástæðum sá

löggjafinn ekki ástæðu til að hafa Tjörneshrepp, Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit með á því svæði sem nyti aukinnar flutningsjöfnunar þ.e.a.s. að framleiðslustarfsemi í þessum sveitarfélögum njóta ekki sömu flutningsjöfnunar. Óskað er eftir sjónarmiði sveitarstjórnar.

*Í ljósi tilgangs laganna og almennra jafnræðissjónarmiða telur sveitarstjórn að full ástæða sé til þess að þessi viðbótar jöfnun nái einnig til fyrrgreindra sveitarfélaga, þar með talið Þingeyjarsveitar. Það er einnig edlilegt að allt starfssvæði Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sitji við sama borð í þessu líkt og við á um starfssvæði Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.*

#### **Til kynningar:**

- Fundargerð 251. fundar stjórnar Eyþings:
- Fundargerð 45., 46. og 47. fundar stjórnar Dvalarheimilis aldraðra:

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:15

Ólína Arnkelsdóttir  
Margrét Bjarnadóttir  
Friðrika Sigurgeirsdóttir  
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Arnór Benónýsson  
Ásvaldur Evar Þormóðsson  
Haraldur Bóasson



## **Rekstur verslunar í Vaglaskógi**

Auglýst er eftir rekstraraðila að versluninni í Vaglaskógi. Verslunin er starfrækt yfir sumartímamann og er í nágrenni við tjaldsvæði og sumarhúsabyggð á svæðinu.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025.

Umsóknafræstur er til 15. mars n.k. Þeir sem hafa áhuga á að taka að sér reksturinn sendi inn skriflegar umsókn til sveitarstjóra, Kjarna 650 Laugar, netfang [dagbjort@thingeyjarsveit.is](mailto:dagbjort@thingeyjarsveit.is)

Sveitarstjórinn í Þingeyjarsveit



## Æskulýðs- og tómstundafulltrúi

Starf æskulýðs- og tómstundafulltrúa er laust til umsóknar, um er að ræða 30% starf. Æskulýðs- og tómstundafulltrúi mun hafa umsjón með félagsstarfi barna og unglinga, ungmennaráði, vinnuskóla o.fl. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 8620025



## Guðspjónusta í Þorgeirskirkju

Guðspjónusta með altarisgöngu verður í Þorgeirskirkju sunnudaginn 9. mars kl. 14.00 (1. sunnudagur í föstu). Kirkjukórinn syngur undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur. Fermingarbörn mæta kl. 12.00 í kirkjuna til fermingarundirbúnings og taka svo virkan þátt í guðspjónustunni ásamt foreldrum.

Allir velkomnir!

2. liður fundargerðar; Þeistareykir, umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku úr ÞRN-2 vestan Kvihólafjalla.  
*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið.*
  3. liður fundargerðar; Þeistareykir, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu vatnspípu, háspennu- og fjarskiptatengi í vegkanti Þeistareykjavegar nyrðri.  
*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið.*
  4. liður fundargerðar; Þeistareykir, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir jarðvinnu á skiljustöðvarlód, byggingarlóð L-03 á deiliskipulagi og lagningu slóða á milli skiljustöðvar og skiljuhússlóðar L-01.  
*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið.*
  5. liður fundargerðar; Efnistökusvæði á Fljótsheiði, breyting á deiliskipulagi.  
*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar að gerðar verði óverulegar breytingar á Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í þá veru að núverandi efnistökusvæði á Fljótsheiði verði fært inn á aðalskipulag þar sem ljóst þykir að gleymst hafi að færa hana inn við gerð aðalskipulagsins þar sem náman hefur staðið opin og ófrágengin í langan tíma. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar.*
  7. liður fundargerðar; Hjarðarholt í Fnjóskadal, stofnun lóðar.  
*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár þegar áskilin gögn hafa borist.*  
*Fundargerðin staðfest að öðru leyti.*
- 4. Beiðni um umsögn - Húsavíkurhöfn og Bakkavegur:**  
Fyrir fundinum liggur erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 24. janúar s.l. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við nýjan veg frá Húsavíkurhöfn um jarðgöng að iðnaðarsvæði á Bakka og breytinga á höfninni á Húsavík í Norðurþingi skv. kynningarskýrslu frá Vegagerðinni dags. 1. janúar 2014.  
Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir að Þingeyjarsveit gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.  
*Sveitarstjórn telur að umrædd framkvæmd sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku úr námu við Kvihóla ÞRN-2 og námu austan við Jónsnípu RHN-10 þar sem efnistakan er í samræmi við umhverfismat 200MW virkjunar á Þeistareykjum, Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 og deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar frá 2012.*
- 5. Veiðiheimilið Árnes – endurnýjun rekstrarleyfis:**  
Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 19. febrúar s.l. þar sem Árni Pétur Hilmarsson sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu

## FUNDARGERÐ



### Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 141. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 27. febrúar kl. 13:00

#### Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 18.02.2014:
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.02.2014:
4. Veiðiheimilið Arnes – endurnýjun rekstrarleyfis:
5. Rauðhólar veiðiheimili – nýtt tækifærisleyfi skemmtanahalds:
6. Styrkumsókn vegna kvikmyndar:
7. Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi fyrir grunnvatn á Þeistareykjum:
8. Beiðni um umsögn um umsókn um endurnýjun á rannsóknarleyfi í Gjástykki:
9. Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga – svæðisbundin flutningsjöfnun:

#### Til kynningar:

- a. Fundargerð 251. fundar stjórnar Eyþings:
- b. Fundargerð 45., 46. og 47. fundar stjórnar Dvalarheimilis aldraðra:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar og Haraldur Bóasson í forföllum Ástu Svavarsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

#### 1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 4. lið; beiðni um umsögn – Húsavíkurhöfn og Bakkavegur. Aðrir liðið færast neðar á dagskrá sem því nemur.

*Samþykkt samhljóða.*

#### 2. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 18.02.2014:

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 18. febrúar s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í tveim liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

#### 3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.02.2014:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20. febrúar s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem var í sjö liðum.

1. liður fundargerðar; Vaðlaheiðargöng, tillaga að deiliskipulagi vinnubúðasvæðis í Fnjóskadal.

*Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku tillögunnar eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

Aðalfundur H.M.H. og G.F.M.

verða haldnir á Fosshóli  
sunnudaginn 16 mars 2014 kl. 13.00.

Dagskrá fundar:  
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnirnar



## Aðalfundur U.M.F. Bjarma 2014

verður haldinn í  
Gamla Barnaskólanum í Skógum  
mánudagskvöldið 17. mars kl. 20:00.  
Venjuleg aðalfundarstörf og  
veitingar að hætti stjórnar.

Allir velkomnir! Stjórnin, Birna, Helen og Jón

# Aðalfundur Heimssýnar

Aðalfundur Þingeyjardeildar Heimssýnar, hreifingar sjálfsstæðissinna í Evrópumálun verður haldinn á Húsavík í sal Framsýnar Stéttarfélags miðvikudaginn 19. mars. Fundurinn hefst klukkan 20:30. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.



Aðalfundur Rauða krossins í Þingeyjarsýslu verður haldinn á Húsavík kl. 18:30 miðvikudaginn 12. mars í Nausti, húsi Rauða krossins, björgunarsveitarinnar Garðars og Slysavarnardeildar kvenna á Húsavík.

Rauðakrossfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn

Nýir félagar velkomnir.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

## Opið fyrir umsóknir um styrkvegi í Þingeyjarsveit

Vegagerðinni er heimilt samkvæmt vegalögum að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt sömu lögum, svo kallaða styrkvegi. Heimilt er að styrkja til dæmis vegi yfir fjöll og heiðar sem ekki teljast þjóðvegir, vegi að bryggjum, að skíðasvæðum, að leitarmannaskálum, ferðamannastöðum o.s.frv.

**Umsóknir fyrir árið 2014 þurfa að berast í síðasta lagi 31. mars 2014. Umsóknir berist til Ingólfs Péturssonar, skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna 650 Laugum eða á netfangið [ingolfur@thingeyjarsveit.is](mailto:ingolfur@thingeyjarsveit.is)**

### Styrkvegir

Umsókn um styrk til samgönguleiðar (styrkvegir) Skv. vegalögum nr. 80/2007 er heimilt að ákveða fjárveitingu í vegáætlun til að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega skv. lögnum. Heimilt er að veita styrki til eftirfarandi samgönguleiða skv. reglum nr. 1155/2011:

- vega yfir fjöll og heiðar sem ekki teljast þjóðvegir;
- vega að bryggjum;
- vega að skíðasvæðum;
- vega að skipbrotsmannaskýlum;
- vega að fjallskilaréttum;
- vega að leitarmannaskálum;
- vega að fjallaskálum;
- vega innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða;
- vega að ferðamannastöðum;
- vega að flugvöllum og lendingarstöðum sem ekki eru áætlunarflugvellir, en taldir eru upp í samgönguáætlun.

Umsækjandi skal leggja fram greinargóða lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd sem felur m.a. í sér upplýsingar um staðsetningu og notkun vegar, áætlaðan kostnað og aðra fjármögnun verksins.

Umsækjandi hverju sinni skal vera veghaldari þeirrar samgönguleiðar sem nýtur styrks. Er honum skylt að sjá um merkingar vegar og aðra þá þætti er falla undir veghald, sbr. ákvæði vegalaga.

Athygli er vakin á því að samgönguleiðir sem njóta styrkja samkvæmt heimild í vegalögum skulu opnar allri almennri umferð.

Vegagerðin gerir tillögu um afgreiðslu styrkveitinga til ráðherra. Rétt er að vekja athygli á því að styrkir á grundvelli umsókna sem fengið hafa samþykki ráðherra skuli ekki afgreiddir fyrr en framkvæmd hefur verið tekin út án athugasemda og framkvæmdaleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi liggur fyrir ef þess gerist þörf. Sé umsókn hafnað er sú ákvörðun ekki kæránleg á grundvelli stjórnsýslulaga.



## Félagsvist – Ýdalir.

Nú ætlum við að spila félagsvist þrjú næstu þriðjudagskvöld,  
11. mars, 18. mars og 25. mars að Ýdölum  
klukkan 20:00.  
Mætum hress og höfum gaman af.  
Allir velkomnir.  
Diddólína.

## Gedord vikunnar.

### Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast.

Öll eigum við drauma eða langar til að ná einhverju takmarki. Að setja sér markmið, hvort sem þau eru stór eða smá, er hollt fyrir alla. Mikilvægt er að markmið okkar séu raunsæ og að við ætlum okkur ekki um of. Slíkt gæti leitt til þess að við gefumst upp. Það er þá alltaf hægt að halda áfram og setja sér ný markmið, stefna enn hærra. Það hvetur okkur áfram og við fyllumst sjálfstrausti þegar við náum markmiðum okkar. Ef til vill komumst við að því að draumurinn okkar stendur ekki undir væntingum. Þá er ekkert að því að breyta um stefnu, reyna eitthvað nýtt og setja sér ný markmið. Allt þetta krefst þess þó að við tökum ábyrgð á okkur sjálfum og vinnum að takmörkum okkar, það getur enginn gert fyrir okkur. Það skiptir líka máli með hvaða hugarfari við setjum okkur markmið. Það er auðveldara að fara þangað sem þú óskar, heldur en burt frá á einhverju sem þú óskar ekki.

Samráðshópur um áfallahjálp



Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

## Tilkynning frá heilsugæslustöðinni á Húsavík

Símatíma vaktlæknis þ.e. símatíma vegna aðkallandi erinda verður breytt frá og með 10. mars '14

**Símatími vegna aðkallandi erinda  
verður alla virka daga  
frá kl. 8.15 til kl. 9.00 og frá kl. 13.00 til kl. 13.30**

**sími: 4640500**

Hjúkrunarfræðingar munu svara í símann og gefa samband við lækni eftir þörfum.

**Slys og alvarleg veikindi þar sem bráðrar  
þjónustu er þörf – hringið í 112**

## Atvinna / sumarstörf

### Ferðaþjónustan á Narfastöðum í Þingeyjarsveit

óskar eftir starfsfólki til almennra hótellarstarfa í sumar. Sérstaklega vantar okkur fólk til starfa við morgunverð, vinnutími ýmist frá 06.00 eða frá 08.00 og aðstoð í eldhúsi, vinnutími frá kl. 15.00

Leitað er að stundvísu, samviskusömum og glaðlyndum einstaklingum með ríka þjónustulund.

Tungumálakunnátta er æskileg en ekki skilyrði.

Hlutastarf kemur vel til greina.

Húsnaði fyrir starfsfólk er ekki í boði en tekið er þátt í aksturskostnaði til og frá vinnu.

Æskilegt er að umsækjendur hafa náð 18. ára aldri.

Umsóknir þurfa að hafa borist í síðasta lagi  
fimmtudaginn 20. mars.

netfangið [farmhotel@farmhotel.is](mailto:farmhotel@farmhotel.is)

Upplýsingar gefa Rósa og Unnsteinn  
í síma 464-3300 eða í tölvupósti.





## Dansáhugafólk sem og félagar í Harmonikufélagi Þingeyinga athugið.

Það verður dansæfing í Ljósvefningabúð  
Föstudaginn 14. mars frá kl.20.30-22.30.  
Allt dansáhugafólk velkomið. Kostar aðeins kr.500.

Harmonikufélag Þingeyinga.

## ***Þvöldið er fagurt***

Vorfagnaðurinn verður 29. mars n.k.

Nánar auglýst síðar

Karllakórinn Hreimur

9.tbl.  
6. mars  
2014  
21. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



### **Styrkir til lista- og menningarstarfs**

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2014. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi **31. mars** n.k.

### **Styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs**

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2014. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi **31. mars** n.k.

**Ath. minnum styrkþega 2013 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.**

**Félags- og menningarmálanefnd  
Þingeyjarsveitar**